



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 5. nóvember 2020  
Tilvísun: 202010-0032

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (bindandi markmið).**

Alþýðusambandinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012. Þær breytingar sem lagt er til í frumvarpinu eru metnaðarfullar og eru stuðningur við það markmið Íslands að stefna að kolefnishlutleysi árið 2040.

ASÍ styður þá leið að lögfesta markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Baráttan gegn loftslagsbreytingum er langhlaup og markmið Íslands mega því ekki vera háð tímabundnum áherslum þeirrar ríkisstjórnar sem er við völd hverju sinni. Lögfestingin er einnig mikilvæg fyrir eftirlit og aðhald allra hagaðila og ekki síst almennings.

Breytingar á Loftslagsráði sem lagðar eru til í frumvarpinu eiga sér hliðstæður í nágrennalöndum okkar, það er mismunandi eftir löndum hvernig sambærileg ráð eru samansett. ASÍ styður tillögu um óháð fagråd, sem leggur reglulega faglegt og hlutlaust mat á árangur stefnumörkunar og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum. ASÍ leggur áherslu á að nauðsyn þess að sambærilegur vettvangur og Loftslagsráð er í dag verði einnig til staðar og að skipan þess verði á þeim grundvelli sem það er í dag.

Loftslagsráð lét gera úttekt í byrjun árs á stjórnsýslu loftslagsmála og hefur þegar verið tekið tillit til þeirra tillagna um verk- og ábyrgðarskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands.

Loftslagsbreytingar hafa þegar haft víðtæk áhrif á efnahags- og atvinnulíf, lífskjör og afkomu almennings um allan heim og Ísland er engin undantekning. Landið er ríkt af náttúruauðlindum, hagkvæm og sjálfbær nýting og verndun þeirra er hornsteinn að öflugu og fjölbreyttu atvinnulíf og því mikilvægt að aðgerðir og markmið séu skýr og metnaðarfull.

ASÍ leggur áherslu á að *réttlát umskipti* verði leiðarstef í allri ákvarðanatöku er varðar markmið að kolefnishlutleysi. Hugmyndafræði réttlátra umskipta gerir ráð fyrir því að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins séu leiðandi í að móta breytingar á samfélaginu með það að markmiði að tryggja víðtæka samstöðu um leiðir til að mæta áskorunum framtíðarinnar, tryggja meiri jöfnuð og afkomuöryggi fyrir alla.

Virðingarfyllt,  
f.h. ASÍ

Marianna Traustadóttir,  
sérfræðingur



Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 28. október 2020

**Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 (bindandi markmið), 32. mál.**

Með rafbréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. október sl., barst Landgræðslunni frumvarp til laga um breytingar á lögum um loftslagsmál (bindandi markmið), 32. mál. Óskað var umsagnar stofnunarinnar um málið.

Í heildina tekið eru þær breytingar sem lagðar eru til í fyrirbyggjandi frumvarpi metnaðarfullar og margar hverjar verulega til bóta ef fram næðu að ganga. Athugasemdir við einstakar greinar eru eftirfarandi:

- 1) Í frumvarpinu er lagt til að 1. gr. laganna verði breytt á þann hátt að í 1. mgr. verði lögfest mjög skýrt markmið, þ.e. að draga skuli úr losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum um 70% fyrir árið 2030 miðað við losun árið 1990, að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040 og að unnið verði í samræmi við markmið Parísarsamningsins frá 2015.

Landgræðslan telur að lögfesting skýrra markmiða Íslands í samdrætti í losum gróðurhúsalofttegunda, í formála sérstaks markmiðsákvæðis laga um loftslagsmál, sé af hinu góða. Lögfest, skýrt og mælanlegt markmið er til þess fallið að skerpa enn sýn á viðfangsefnið og undirstrika ætlan og vilja stjórnvalda til að þessum markmiðum verði náð. Í kjölfarið kynnu að vera tækifæri til að önnur löggjöf dragi dóm af þessum lögfestu markmiðum sem og að hinar ýmsu stofnanir ríkisins, sem og vonandi almenningur í landinu, ynnu að þessu markmiði í öllum störfum sínum eins og unnt væri hverju sinni.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er og c-liður felldur út úr staflíðum þeim er tilgreina markmiðin sérstaklega og þess í stað er hann gerður að sérstakri málsgrein, síðast í 1. gr. Landgræðslan telur að þessi breyting geri greinina rökréttari og skýrari.

- 2) Gert er ráð fyrir allnokkrum breytingum á gildandi 5. gr. laga um loftslagsmál í fram lögðu frumvarpi. Mögulega er hér að finna stærstu og jákvæðustu breytinguna sem finna má í frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum sé gerð grein fyrir forsendum og útreikningum, sem og að auka upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi hvað varðar aðgerðaráætlun með framlagningu þingsályktana og umræðna. Landgræðslan telur hvort tveggja framfaraskref.
- 3) Í frumvarpinu eru lagðar til allmiklar breytingar á gildandi 5. gr. b. Lagt er til að greinin verði einfölduð nokkuð og henni breytt. Lagt er til að lofslagsráð skuli skipað með svipuðum hætti og áður en nú án þess að ráðherra skipi formann og varaformann og að gerðar verði faglegar hæfniskröfur til meðlima ráðsins, sem og að hnykkt sé á sjálfstæði ráðsins.

Landgræðslan telur að þó að mikilvægt sé að í ráðinu sé yfirgripsmikil menntun og reynsla á því sviði sem því er ætlað að fjalla um kann meðlimum þess að vera þröngt sniðinn stakkur með þeirri kröfu að allir hafi þeir til að bera framhaldsmenntun á háskólastigi á fræðasviði því sem lýtur að hlutverki ráðsins.

- 4) Í fyrirbyggjandi frumvarpi er lagt til að á eftir 5. gr. b. komi ný grein er fjallar um hlutverk lofslagsráðs. Greinin felur í sér áherslubreytingu frá því sem nú er. Kveðið er á um að lofslagsráð sé óháð, hafi frumkvæði og starfi með opinberum stofnunum, samtökum og einstaklingum. Ekki eru gerðar athugasemdir hvað þetta varðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslunnar



**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**101 Reykjavík**

sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30.október 2020

## **Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um loftslagsmál (bindandi markmið), 32. mál á 151. löggjafarþingi**

Stjórn Landvernd hefur kynnt sér ofangreinda tillögu, telur hana mjög mikilvæga til þess að bæta árangur Íslands í loftslagsmálum og styður hana að fullu. Landvernd þakkar flutningsmönnum fyrir góða vinnu og faglega greinagerð.

### **Lögfesting markmiða**

Landvernd telur mjög mikilvægt að lögfesta markmið í loftslagsmálum til þess að meiri líkur séu á því að markmiðin lifi af stjórnarskipti og til þess að almenningur hafi betri möguleika til aðhalds ef ríkisstjórnir standa ekki við markmiðin. Með því að samþykka lögfestingu markmiða sýnir Alþingi og stjórnarflokkarnir að þeim er alvara með því að ná markmiðum í loftslagsmálum.

Við lögfestingu markmiða um kolefnishlutleysi er mikilvægt að hugtakið sé skilgreint og hvaða þættir eigi að falla undir það. Stjórn Landverndar telur að þar sé átt við alla losun frá starfsemi og landi á Íslandi og innifalið sé því losun frá framræstu votlendi, illa förnu landi og stóriðju. Ekki er hægt að tala um að ná kolefnishlutleysi með bindingu gegnum landnotkun á móti þeirri losun sem eftir er árið 2040, nema að landnýtingarþátturinn sé þegar með nettónúll losun.

### **Loftslagsráð**

Breytingar á loftslagsráði sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í samræmi við það sem gerist löndunum í kringum okkur og ef rétt er staðið að tilnefningum, eru þær líklegar til þess að tryggja aðhald og eftirlit með aðgerðum og árangri í loftslagsmálum. Stjórn Landverndar styður þessar tillögur.

### **Samhæfing**

Landvernd telur að samhliða þeirri endurskoðun sem fram kemur í tillögunni, þurfi einnig að skoða skipan verkefnisstjórnar aðgerðaáætlunarinnar og lögfesta. Eins og fram kemur í skýrslu Capacent um stjórnarsýslu loftslagsmála á Íslandi er henni verulega ábótavant og skortur á samhæfingu ráðuneyta algjör. Ráðherranefnd um loftslagsmál er örli til bót í máli en alls ekki nægjanleg.

Í umsögn Landverndar um breytingar á loftslagslögum frá 14. febrúar 2019 segir um verkefnisstjórn aðgerðaráætlunarinnar:

„2. Skípan verkefnisstjórnar í 1. gr.: Ekki eru nein kröfur um hæfni þeirra sem sitja skulu í verkefnisstjórn tilteknar og hún er eingöngu pólitískt skipuð. Rétt væri að helmingur verkefnisstjórnar væri fagfólk á sviði loftslagsmála. Stjórn Landverndar leggur því til að 3. mgr. 1 gr. verði breytt í svohljóðandi mgr.

*“Ráðherra skípar verkefnisstjórn sem mótar tillögur að aðgerðum og hefur umsjón með að þeim sé hrundið í framkvæmd. Ráðherra skípar formann verkefnisstjórnar án tilnefningar. Eftirfarandi aðilar tilnefna einn fulltrúa hver: Forsætis- og fjármálaráðherra tilnefna einn fulltrúa hvor, Háskóli Íslands (eða samráðsvettvangur háskólanna) tilnefnir einn, Umhverfisstofnun einn og náttúruverndarsamtök tilnefna einn fulltrúa. Tilnefningaraðilar bera kostnað hver af sínum fulltrúa í nefndinni.”*

Stjórn Landverndar notar tækifærið til að áréttta framangreinda tillögur.

Landvernd telur að hvert ráðuneyti þyrfti að hafa loftslagsfulltrúa sem gætir að því að allar stefnumótandi ákvarðanir innan ráðuneytanna séu teknar með loftslagsmál í huga og að athafnir ráðuneytisins stangist ekki á við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Þessir loftslagsfulltrúar gætu einnig skipað verkefnisstjórn aðgerðaáætlunarinnar. Ráðuneytin og samband íslenskra sveitafélaga tilnefna nú fulltrúa í verkefnisstjórn en í fæstum tilvikum hafa fulltrúarnir umboð eða tíma til þess að sinna loftslagsmálum innan ráðuneytanna. Þá eru engar kröfur gerðar til þeirra um þekkingu á loftslagsmálum.

Þá er gríðarlega mikilvægt að ný loftslagsskrifstofa umhverfisráðuneytisins hafi umboð til eftirfylgni og samhæfingar innan stjórnarráðsins alls. Að mati Landverndar væri heppilegra að loftslagsskrifstofan ætti heimili í forsætisráðuneytinu til þess að endurspeglar mikilvægi þess að stjórnarráðið allt þarf að framfylgja stefnu í loftslagsmálum og framkvæma aðgerðir.

### Lokaorð

Ísland er 20 árum á eftir mörgum grannþjóðunum í loftslagsmálum. Á meðan þær byggðu upp stjórnsýslu, meðvitund og almenningsvilja í loftslagsmálum og drógu markvisst úr losun, gerðu Íslendingar lítið annað en að auka sína losun. Aðgerðaáætlunin 2018 var skýr viðsnúningur frá þessu stefnuleysi og allt lítur nú til betri vegar. Vegna þess hversu tími okkar til aðgerða er stuttur því við hófum vegferðina mun seinna en nágrannar okkar, þurfa aðgerðir okkar að vera mun beittari, samstilltari og ákveðnari. Skýr lagarammi er grundvallarforsenda. Því styður stjórn Landverndar þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis, Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. nóvember 2020

Tilvísun: 202010-0044/42-1-1 Umsagnir um frumvörp  
TB  
jgo/tb

### **Efni: Frumvarp til laga um loftslagsmál (bindandi markmið), 32. mál.**

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts/bréfs frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 22. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framvarp til laga um loftslagsmál (bindandi markmið), 32. mál. Í frumvarpinu er lagt til, í samræmi við markmið Parísarsamningsins frá 2015, að lögfesta annars vegar markmið um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040 og hins vegar þá vörðu á leiðinni til kolefnishlutleysis að dregið skuli út losum um 70% fyrir árið 2030 miðað við losun árisins 1990. Jafnframt verði fest í sessi skýrt ferli þar sem árangur af aðgerðum stjórnvalda er metinn af óháðum sérfræðingum, markmið þeirra endurskoðuð, metnaður aukinn og staðið fyrir opinberri umræðu.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn, sjá meðfylgjandi bréf, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 23. apríl 2019. Þær breytingar miðuðu að því að styrkja stjórnslu og umgjörð laganna m.a. með stofnun Loftslagsráðs og aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Í umsögn sinni benti Náttúrufræðistofnun m.a. á að umfang Loftslagsráðs og ósvissa um fjármögnun aðgerða. Einnig benti stofnunin á að ákvæði um aðlögun að loftslagsbreytingum væri mjög veikt í lögum en þar er vísað til setningar reglugerðar. Undanfarið hefur komið í ljós að markmiðum um minnkun á losun eða bindingu kolefnis hafa ekki náðst <https://frettabladid.overcastcdn.com/documents/201110.pdf>.

Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að þau markmið sem Ísland hefur skuldbundið sig til að vinna eftir skv. Parísarsamningnum verði lögfest með skýrum hætti en að ekki sé vísað til setningu reglugerða eða aðgerðaáætlana. Það síðastnefnda eru fyrst og fremst „tæki“ til að stýra framkvæmdaþætti fyrrgreindra markmiða.

Í 5. gr. frumvarpsins segir um skipun fulltrúa í loftslagsráð: „Ráðherra skipar fimm fulltrúa í loftslagsráð til þriggja ára og jafnmarga til vara. Skulu tveir fulltrúanna skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþingis og þrír samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins..... Þá eina má skipa fulltrúa í loftslagsráð sem lokið hafa framhaldsnámi á háskólastigi á fræðasviði sem lýtur að hlutverki ráðsins.“ Vissulega á að krefjast þess að í Loftslagsráði séu einstaklingar sem hafi þekkingu, þ.e. fræðilega/vísindalega þekkingu, á loftslagsmálum. Það fræðasvið getur hins vegar náð yfir mjög ólíka þætti allt frá efnafræði yfir í vistfræði og verkfræði og svo að sjálfsögðu yfir í það sem snýr að mannlegri hegðun. Hverjir þeir einu eru er því óvíst. Allar aðgerðir í loftslagsmálum hafa afleiðingar og tryggja þarf að þær séu til bóta en hafi ekki neikvæð áhrif náttúruna eins og sjálfur orsakavaldurinn. Eins og kemur fram í greinargerð þarf að tryggja að aðgerðir séu ekki málamiðlun ólíkra hagsmuna, sem verður kannski til þess að



lítill árangur næst. Hvort það er gert með framangreindum hætti er óvíst þar sem háskólamenn jafnt sem aðrir hafa einnig hagsmuna að gæta. Hvort samstarfsnefnd háskólastigsins sé því hinn eini rétti vettvangur til skipunar fræðimanna í ráðið skal ósagt látið.

Varðandi loftslagsráð og loftslagsvettvang:

Náttúrufræðistofnun vill einnig varpa fram þeirri spurningu hvort Loftslagsráð eigi yfirleitt að vera hlutastarf eins og virðist vera gert ráð fyrir. Miðað við hlutverk ráðsins er um ærið starf að ræða. Ef um hlutastarf er að ræða þarf að tryggja ráðnir séu starfsmenn sem geta sinnt hinum ýmsu hlutverkum ráðsins. Einnig má spyrja hvort þriggja ára skipunartími, eða fjögurra ára í nügildandi lögum, sé ekki of stuttur miðað við að um margra ára verkefni er að ræða og ör skipti ráðsmanna ekki æskileg. Hér mætti íhuga að skipa ráðið að hluta, á víxl, á nokkurra ára fresti til að viðhalda þekkingu og samhengi við það sem áður hefur verið gert.

Náttúrufræðistofnun getur tekið undur markmið með loftslagsvettvangi.

Virðingarfyllt,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 23. apríl 2019.



Nefndasvið Alþingis  
Hildur Edwald,  
skjalaritari  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. apríl 2019  
2019040006/42-0  
TB  
jgo/tb

### **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál (styrking á stjórnsýslu og umgjörð), 758. mál**

Við er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 3. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál (styrking á stjórnsýslu og umgjörð), 758. mál.

Náttúrufræðistofnun tekur undir þær breytingar sem lagðar eru til í framangreindu frumvarpi. Stofnunin vill þó benda á eftirfarandi:

1. Í 2. gr. frumvarpsins b lið (5. gr. a.) *Aðlögun að loftslagsbreytingum*, segir: „Ráðherra lætur vinna áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum og setur reglugerð um gerð og eftirfylgni hennar.“ Þetta ákvæði er mjög opið í frumvarpinu eins og reyndar er bent á í greinargerð með því en þar er fyrst og fremst vísað í hlutverk Loftslagsráðs.

Náttúrufræðistofnun telur að betra sé að tilgreina nánar í lögnum hverjum er ætlað að vinna verkið og hvernig það er fjármagnað í stað þess að vísa eingöngu til að sett verði reglugerð um efnið. Aðlögun að loftslagsbreytingum er í eðli sínu mjög víðfemt efni og spannar mörg ólík viðfangsefni s.s. náttúruvá, skipulagsmál, landnýtingu og náttúruvernd, ýmsa „innviði“ s.s. vegakerfi, orkuöflun, tryggingarmál og rannsóknir sem vinna þarf m.a. í nánnum tengslum við fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir.

2. Í 3. gr. a lið (5. gr. b.) er kveðið á um stofnun Loftslagsráðs. Hlutverk ráðsins er mjög umfangsmikið og gæti þess vegna verið nokkur ársverk. Ekki kemur beint fram í frumvarpinu hver sé áætlaður kostnaður við rekstur ráðsins. Gera má ráð fyrir að kostnaður við ráðið sé greiddur úr ríkissjóði eins og kemur fram í þingsályktun nr. 46/175 en þessa er ekki getið í frumvarpinu eða greinargerð við það sjá lið 6, Mat á áhrifum.

3. Í 3. gr. b lið (5. gr. c.) um Lofslagsstefnu ríkisins er fjallað um að stofnanir ríkisins og fyrirtæki í meirihluta eigu ríkisins skuli setja sér loftslagsstefnu. Umhverfisstofnun er ætlað að hafa eftirlit með gerð lofslagsstefnunnar, innleiðingu aðgerða samkvæmt henni ásamt því að fylgjast með árangri. Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir 15 milljónum króna árlega til



verkefnisins til Umhverfisstofnunar. Ekki er að sjá gert sé ráð fyrir að fjárframlögum til annarra aðila en það má vera ljóst að veruleg vinna, hjá sumum ríkisstofnunum og fyrirtækjum, getur farið í það eitt að setja sér framangreinda loftslagsstefnu fyrir utan það að hrinda henni í framkvæmd.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er það einkennilegt miðað við umfang og alvöru málsins að ekki skuli gerð betur grein fyrir áætluðum ársverkum og kostnaði við hvern verkþátt í frumvarpinu eða greinargerð með því og auk þess óljóst hvort Loftslagssjóður skuli standa undir kostnaði eða framlög komi beint úr ríkissjóði.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



# Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi við Austurvöll

Reykjavík 5. nóvember 2020

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (bindandi markmið).

151. löggjafarþing 2020–2021.  
Þingskjal 32 — 32. mál.

Náttúruverndarsamtök Íslands fagna þessu frumvarpi. Það snýr annars vegar að lögfestingu bindandi markmiða um að

draga úr losun Íslands á gróðurhúsalofttegundum um 70% fyrir árið 2030 miðað við losun ársins 1990, að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040 og að unnið sé í samræmi við markmið Parísarsamningsins frá 2015 um að halda hlýnun jarðar vel innan við 2°C og leitast við að halda hlýnuninni innan 1,5°C miðað við upphaf iðnbyltingar.

Ennfremur er miðað við að:

Forsendur og útreikningar sem það mat byggist á skal jafnframt koma fram í aðgerðaáætluninni.

Hins vegar snýr frumvarpið að breytingum á lögum um loftslagsráð sem verði skipað fimm fulltrúum til þriggja ára og jafnmörgum til vara. Jafnframt er kveðið á um sjálfstæði og hlutverk Loftslagsráðs. Til dæmis velji ráðið sér sjálft formann sem mynd styrkja ráðið.

## Athugasemdir

Loftslagsstefna Íslands hefur skýrst nokkuð undanfarin 2-3 ár. Markmiðin eru skýrari og nú liggur fyrir aðgerðaáætlun um hvernig skuli ná flestum þeirra. Á hinn bóginn er margt ennþá óljóst og ógagnsætt. Hvernig fékkst sú niðurstaða að Ísland skyldi einungis draga úr losun um 29% miðað við árið 2005 fyrir árið 2030? Hvernig var samið við Evrópusambandið?

Fram kemur í fjárlagafrumvörpum fyrir 2017, 2018 og 2019 að veitt skuli fé til utanríkisráðuneytisins til að tryggja hagsmuni Íslands í alþjóðlegu samstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, þ.m.t. samningaviðræðum við ESB og Noreg um innri skiptingu ábyrgðar í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsáttmálann.

Þessar fjárveitingar og tilgangur þeirra stangast á við fullyrðingar ráðherra þess efnis að Íslandi hafi verið úthlutað 29% samdrætti í losun í samræmi við reiknireglur Evrópusambandsins. Augljóslega var samið, og þá með hagsmuni Íslands í huga, en hvernig voru þeir hagsmunir skilgreindir? Samningsmarkmið Íslands hafa ekki komið fram, en það er líklegra en ekki að Ísland hafi samið sig niður í 29% samdrátt.

Ef að líkum lætur voru samningsmarkmið Íslands mótuð fyrir Parísarráðstefnuna árið 2015, enda segir í tilkynningu stjórnvalda um landsframlag Íslands að landið taki á sig [sanngjarnan hluta](#)<sup>1</sup> af sameiginlegu landsframlagi Evrópusambandsríkjanna og Noregs.

Í innsendu markmiði Íslands, dags. 30. júní 2015, segir:

Under such an arrangement, Iceland will ensure fulfillment of its fair share of the collective delivery of the 40% target by: a) continuing participation in the EU Emissions Trading Scheme and b) determining a target for emissions outside the EU-ETS by the same methodology as applied to EU Member States.

Samningsmarkmið: Sanngjarn hluti. Fyrir vikið voru stjórnvöld stefnulaus á tímabilinu 2015–2018 eða þar til að í ljós kom hvert framlag Íslands yrði. Ekki kom skýrt fram af hálfu stjórnvalda hversu mikið Ísland ætlaði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrr en í ljós kom að landsframlag Íslands yrði 29% fyrir 2030 miðað við 2005. Var þá sagt að allt frá því að aðgerðaáætlun nr. 1 var kynnt í september 2018 hafi Ísland stefnt að 40% samdrætti. Ekkert slíkt er þó að finna í þeirri áætlun.

Málflutningur af þessu tagi kann að hljóma vel fyrir kosningar en eftir sem áður er skuldbindingin bara 29% og allt umfram það er – eins og sakir standa – ekki á nokkurn hátt bindandi fyrir næstu ríkisstjórn.

Því sem ekki fellur undir reglur Evrópusambandsins geta íslensk stjórnvöld hagað að eigin geðþótta nema Alþingi setji um þetta sérstök lög. Til að mynda verði fyrirheit um 35 eða 40%

---

<sup>1</sup> „Iceland aims to be part of a collective delivery by European countries to reach a target of 40% reduction of greenhouse gas emissions by 2030 compared to 1990 levels. A precise commitment for Iceland within such collective delivery has yet to be determined, and is dependent on an agreement with the European Union and its Member States and possibly other countries. Under such an arrangement, Iceland will ensure fulfillment of its fair share of the collective delivery of the 40% target ...“

Submission by Iceland to the ADP Iceland's Intended Nationally Determined Contribution  
<https://www4.unfccc.int/sites/ndcstaging/PublishedDocuments/Iceland%20First/INDC-ICELAND.pdf>

samdrátt í losun að vera línuleg líkt og gildir um þau 29% sem Ísland hefur samið um við Evrópusambandið.

Náttúruverndarsamtök Íslands taka því undir þá tillögu að lögfest verði markmið fyrir Ísland um hversu mikill samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda skuli vera á tímabilinu 2021–2030. Jafnframt verði skilyrt með lögum að samdráttur umfram núverandi skuldbindingar Íslands fari í einu og öllu að reglum Evrópusambandsins og verði í samræmi við samþykktir á vegum Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Ella er allt tal um 35%, 40% eða 46% samdrátt ómarktækt.

Í frumvarpinu segir:

Eigi síðar en sex mánuðum eftir að ríkisstjórn hefur verið mynduð leggur ráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðaáætlun skal byggð á markmiðum laga þessara, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga og yfirlýstra markmiða stjórnvalda.

Náttúruverndarsamtökin leggja til þá orðalagsbreytingu að aðgerðaáætlunin byggist á markmiðum laga þessara og **verði í fullu samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands gagnvart Noregi og Evrópusambandinu og Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna**. Þar með sé tryggt að hinn aukni metnaður ríkisstjórnarinnar byggist á sams konar skuldbindingum og Ísland hefur undirgengist með samningum við Evrópusambandið.

Jafnframt leggja samtökin til að í frumvarpinu verði tekið fram í nýjum lið, d. lið 2. gr., að Alþingi muni auka verulega fjárveitingar til að efla stjórnslu loftslagsmála þannig að unnt verði að tryggja það sem segir í b. lið 2. gr. frumvarpsins, að aðgerðaáætlun loftslagsmálum verði endurskoðuð „eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og skal leita allra leiða við að setja metnaðarfullri markmið í hverri áætlun en í þeirri sem hún tekur við af“.

Náttúruverndarsamtök Íslands benda á að sú aðgerðaáætlun sem kynnt var 23. júní sl. var 10 mánuðum á eftir áætlun. Sú tölfræði meðal annars af því að stjórnslan var ekki undir það búin að vinna heildstæða áætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Þess vegna verður að styrkja stjórnsluna, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og stofnanir þess auk annarra stofnana sem sinna loftslagsmálum, t.d. Hafrannsóknastofnun, til að hægt sé að takast á við jafn stórt verkefni, og að unnt verði að endurskoða aðgerðaáætlunina „eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti“.

Bent skal á að í stað þess að styrkja stofnanir og stjórnslu loftslagsmála hefur umhverfisráðherra keypt þjónustu frá einkaaðilum, samkvæmt samningum sem ekki eru gerðir opinberir fyrr en eftir að viðkomandi aðili hefur skilað verki sínu til ráðherra. Til dæmis var Hagfræðistofnun Háskóla Íslands falið árið 2014 að gera úttekt á stöðu loftslagsmála en niðurstaðan var ekki kynnt þrátt fyrir að hún hafi legið fyrir áður en ráðstefnan í París hófst í lok nóvember 2015.

## Loftslagsráð

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um loftslagsráð til að tryggja sjálfstæði ráðsins til þess að það geti sinnt því meginhlutverki sínu að

veita stjórnvöldum aðhald um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum.

Í núgildandi lögum nr. 70/2012 segir um verkefni ráðsins í f. lið 5. gr. b.:

f. vinna að öðrum verkefnum sem ráðherra felur ráðinu hverju sinni.

Þetta ákvæði stangast á við það sem segir í 3. mgr. 4. gr. laganna:

Loftslagsráð veitir stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum og er sjálfstætt og óháð í störfum sínum.

Mótsögnin felst í því að frá því að ráðið tók fyrst til starfa í júní 2018 hefur ráðið fyrst og fremst sinnt þeim verkefnum sem ráðherra hefur falið því hverju sinni. Frumkvæði ráðsins og þar með sjálfstæði þess hefur takmarkast af boðvaldi ráðherra.

Þennan f. lið 5. gr. b. verður að taka úr lögnum. Ella verður loftslagsráð fyrst og fremst valdataki í höndum ráðherra, sem alls ekki var ætlunin í upphafi, sbr þingsályktunartillögu<sup>2</sup> sem Katrín Jakobsdóttir, formaður VG mælti fyrir árið 2015.

Hlutverk loftslagsráðs þarf að vera víðtækara en að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf. Í [álitsgerð](#) sem Capacent vann fyrir loftslagsráð,<sup>3</sup> tímasett júní 2020, segir um hlutverk loftslagsráðs í Danmörku:

Loftslagsráð er eflt og verður „varðhundur“ laganna. Ráðinu ber í febrúar á hverju ári að leggja mat á hvort aðgerðir stjórnvalda séu að stuðla að því að ná markmiðum laganna.<sup>4</sup>

Þetta hlutverk ráðsins er eitt af meginatriðum í dönsku lögnum um loftslagsmál (Klimaloven).

Um finnska loftslagsráðið segir að markmið þess sé

að vera brú á milli vísinda og stjórnmála, koma vísindaráðgjöf á framfæri til stjórnvalda og tryggja þervísindalega sýn á áhrif á mismunandi geira.

<sup>2</sup> Þingskjal 131—131. mál. 145. löggjafarþing 2015–2016. Sjá <https://www.althingi.is/altext/145/s/0131.html>

<sup>3</sup> Kynnt sem viðauki við álit formanns loftslagsráðs um *Framtíðarfyrrirkomullag stjórnvísu loftslagsmála*. Sjá <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/LOFTSLAGSR%C3%81%C3%90%20-%20Sti%C3%B3rn%C3%BDsla%20loftslagsm%C3%A1la%20i%C3%BAAn%C3%AD%202020.pdf>

<sup>4</sup> Sjá glæru nr. 50, *Framtíðarfyrrirkomullag stjórnvísu loftslagsmála*.

Til að framkvæma slíka vinnu verður loftslagsráð að vera óháð ríkisstjórn landsins.

Um sænska loftslagsráðið segir í skýrslu Capacent:

Árlega skilar ráðið skýrslu með tillögum að aðgerðum sem eru til þess fallnar að ná markmiðum stjórnvalda. Það vinnur að því að leysa úr flækjum er einstök samfélagsmarkmið skarast og stillir saman strengi stofnana við framkvæmd aðgerða.

Bent skal á að sænska loftslagsráðið hefur gagnrýnt sænsk stjórnvöld mjög harkalega fyrir að hafa ekki staðið við sett markmið.

Í [samantekt skýrslu](#) sænska loftslagsráðsins fyrir 2020 segir:

**Existing policies are not sufficient**

At a time when emission reductions need to accelerate, they have slowed down. The biggest reductions in greenhouse gas emissions since 1990 occurred between 2003 and 2014, with an average annual reduction rate of just over 2 per cent. During the last four years (through 2018), the pace has slowed, and emissions have only fallen by less than 1 per cent per year on average.

Hið sama gildir um ástandið hér á landi.

Í sænska loftslagsráðinu starfa þekktir vísindamenn sem hafa sér til halds og trausts fjóra sérfræðinga á skrifstofu ráðsins. Skýrslur ráðsins eru traust heimild fyrir fjölmiðla, stjórnámamenn og almenning sem vill kynna sér stöðu og framgang mála í Svíþjóð.

Engin þarf að efast um nauðsyn þess að Hafrannsóknastofnun stjórnist ekki af hagsmunaaðilum, að fagleg sjónarmið ráði. Hið sama má segja um Skipulagsstofnun, Náttúrufræðistofnun og Veðurstofu Íslands og fleiri álíka stofnanir. Á hinn bóginn sættu stofnanir á borð við Náttúruverndarráð og Náttúruvernd ríkisins miklum pólitískum afskiptum á sínum tíma, sem spilltu mjög árangri þeirra og almennu trausti. Sjálfstæði stofnana af þessu tagi er dýrmætasti eiginleiki þeirra.

Fyrir nokkrum árum varð ljóst að Ísland mundi ekki standa við skuldbindingar sínar á 2. skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar, 2021–2030. Það er ekki bara álitshnekkir fyrir þjóðina heldur mun kosta töluverð fjárútlát úr ríkissjóði. Þá var ekki til neitt loftslagsráð sem gat veitt aðhald – sjálfstætt ráð sem hefði með skýrum hætti getað varað við strax árið 2013 þegar ljóst varð að bílaflotinn mundi stækka ört með fjölgun ferðamanna sem hingað kæmu.

Sjálfstætt og öflugt loftslagsráð hefði einnig getað varað við þeirri ráðstöfun löggjafans að lækka kolefnisgjald á útblástur ökutækja og/eða lagt til hækkun vörugjalda á ökutæki sem valda tiltölulega mikilli losun en lækkun gjaldsins á þau sem minna losa. Slík tilmæli var að finna í skýrslu OECD um „Ástand umhverfismála á Íslandi“ frá 2014.

**Parísarsamkomulagið krefst metnaðarfyllri aðgerða**

Í nýrri aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum segir á bls. 13 (leturbr. okkar):

Brýnt er að ná markmiðum Parísarsamningsins um að halda hlýnun jarðar innan við 2°C og að leitast við að halda hlýnuninni innan við 1,5°C. Skýrsla Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, IPCC, frá 2018 dró skýrt og greinilega fram að það mun afstýra miklum búsigjum ef tekst að ná 1,5°C markinu. **Ísland hefur skipað sér í hóp þeirra ríkja sem telja brýnt að takmarka hlýnun andrúmsloftsins við 1,5°C, á grunni áðurnefndrar skýrslu IPCC.** Ljóst er að það krefst afar metnaðarfullra aðgerða að ná að halda hlýnun innan þeirra marka og mikilvægt að ríki eins og Ísland séu þar í fararbroddi og sýni gott fordæmi.

Náttúruverndarsamtök Íslands leggja til að í frumvarpinu verði eingöngu miðað við 1,5°C markið. Stefna Íslands miðast nú við að takmarka hlýnun við 1,5°C. Orðalagið sem samþykkt var í París var málamiðlun eftir að lágland eyríki<sup>5</sup> – sjálfsgðir bandamenn Íslands – bentu á að hækkun hitastigs í lofthjúpnunum umfram 1,5°C mundi sökkva flestum þeirra í sæ. Ísland var eitt af þeim ríkjum sem tók undir með láglandum eyríkjum.

Í París árið 2015 var öllum ljóst að samdráttur í losun á heimsvísu verður mun meiri en þau markmið (landsframlög) sem aðildarríki Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna kynntu í aðdraganda ráðstefnunnar í París.

Evrópuþingið hefur samþykkt ályktun þess efnis að framlag ESB verði að vera að minnsta kosti 55% til að ná ofangreindu markmiði ESB. Nokkur Evrópuríki hafa tekið undir þá ályktun og sú spurning vaknar hvort og þá hvernig hert markmið ESB komi fram hér á landi. Ísland hefur ásamt fjölda ríkja krafist þess að landsframlög aðildarríkjanna standist kröfur um að hitastig andrúmsloftsins hækki ekki umfram 1,5°C.

Í aðgerðaáætlun stjórnvalda frá júní sl. segir (leturbr. okkar):

Ljóst er að þau markmið um samdrátt í losun, sem aðildarríki Loftslagssamningsins kynntu í aðdraganda Parísarráðstefnunnar árið 2015, munu hvergi nærri duga til að halda hlýnun andrúmsloftsins vel undir 2°C, hvað þá 1,5°C.<sup>2</sup> Á vettvangi Loftslagssamningsins er fylgst vandlega með þróun loftslagsbreytinga og þeim skilaboðum sem vísindin færa okkur um stöðu mála og umfang þeirra aðgerða sem nauðsynlegt er að grípa til. **Þannig er krafa á aðildarríki Parísarsamningsins um að uppfæra framlög sín gagnvart samningnum á fimm ára fresti með tilliti til nýjustu vísindarannsókna. Fyrsta uppfærsla framlaga á að eiga sér stað á árinu 2020 og mun Ísland taka þátt í því líkt og önnur ríki.** Til stóð að uppfærð markmið ríkja lægju fyrir á aðildarríkjafundi Loftslagssamningsins (COP26) sem áætlað var að halda í Glasgow í nóvember 2020. Vegna Covid-19 heimsfaraldursins verður loftslagsfundur hins vegar ekki haldinn næst fyrr en árið 2021 og dagsetning hans liggur ekki fyrir

---

<sup>5</sup> Small Island Developing States (SIDS) sem hafa sýnt mikla samstöðu og haft töluverð áhrif með frumkvæði sínu.

Ef að líkum lætur hefði Ísland ekki náð að uppfæra landsframlag sitt fyrir nóvember – sem nú er hafinn – í samræmi við ofansagt en það verður að nást fyrir fund aðildarríkja Loftslagssamningsins sem halda á í Glasgow í nóvember 2021 að ári. Hvort hægt er að binda slíkt markmið í lög skal ósagt látið en það væri afar æskilegt að slík tilaga kæmi fram í nefndaráliti um þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,  
f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Árni Finnsson'. The signature is fluid and cursive, with a distinct loop at the end.

Árni Finnsson



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasund 1 102  
Reykjavík  
postur@uar.is

5. nóvember 2020

### Athugasemdir við mál nr. 32

### Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (bindandi markmið).

Ungir umhverfissinnar fagna komu frumvarps með metnaðarfullri landsmarkmið um samdrátt í losun fyrir Ísland. Mikilvægt er að setja háleit markmið sem munu skylda Ísland til meiri samdráttar en alþjóðlegar skuldbindingar (og komandi uppfærsla þeirra) segja til um, en með því skapast tækifæri fyrir Ísland að setja gott fordæmi fyrir aðrar þjóðir í aðdraganda næstu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP26).

### Markmið um samdrátt og lögfesting þeirra

Við í Ungum umhverfissinum erum ánægð með það markmið að draga úr losun um 70% fyrir árið 2030 miðað við losun árið 1990, og sér í lagi að markmið um samdrátt í losun sé lögfest. Einnig fögnum við lögfestingu þess markmiðs að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Mikilvægt er að festa þessi markmið í lög til að þeim verði framfylgt óháð pólitísku landslagi og til að undirstrika metnað stjórnvalda í þessum málaflokki.

Þó teljum við mikilvægt að skýrar komi fram um hvernig losun er að ræða. Er verið að tala um ESR, ETS og LULUCF losun, eða er einungis um að ræða losun á beinni ábyrgð Íslands og í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ESR og ETS). Sama gildir um markmið um kolefnishlutleysi, en bæði ESR, ETS og LULUCF losun ætti að falla undir það markmið. Einnig vilja Ungir umhverfissinnar benda á að engin markmið hafa verið sett um samdrátt í losun út frá neyslu Íslendinga (sem veldur útblæstri út fyrir landsteinana) og væri það kærkomin viðbót við frumvarpið.

Okkur finnst að betur þurfi að taka fram við hvaða hópa er átt þegar rætt er um að draga úr varnarleysi gagnvart loftslagsbreytingum, t.a.m. hvort sérstök áhersla verði á viðkvæmustu hópana sem verða mest fyrir barði loftslagsbreytinga. Er átt við íslenskt samfélag eða er hér verið að vísa til fólks utan landsteinanna? Við viljum benda á að vernda þyrfti þessa hópa fyrst. Sama á við um stuðninginn, í hvaða formi verður hann (t.a.m. fjárhagsstuðningur sem tekur mið af fyrirbyggjandi grænum lausnum, líkt og framlög í Green Climate Fund)?

### Forsendur og útreikningar

Varðandi nýjan málslið við 1. mgr. 5. gr. laganna þá styðjum við að forsendur og útreikningar sem mat á áætluðum kostnaði ásamt mati á loftslagsávinningi byggist á skuli fylgja með aðgerðaráætluninni.

## Hagsmunaaðilar við gerð aðgerðaráætlunar

Ungir umhverfissinnar telja að mikilvægt sé að taka fram til hvers konar hagsmunaaðila verður leitað við gerð aðgerðaráætlunnar og leggur áherslu á mikilvægi þess að gengið sé úr skugga um að hagsmunir þeirra sem hafa sér ekki formlegan málsvara innan réttarkerfisins, t.d. náttúrunnar, séu varðir með því að hafa umhverfisverndarsamtök með í hópi hagsmunaaðila.

## Reglulegt endurmat og umræður Alþingis

Við erum sammála þeim breytingum í frumvarpinu sem leggja til að ríkisstjórnin skuli endurskoða aðgerðaráætlun á tveggja ára fresti í stað fjögurra ára. Þekking á loftslagsbreytingum og möguleikum til að sporna gegn þeim eykst hratt og breytist reglulega. Nauðsynlegt er að endurmeta og uppfæra aðgerðaráætlun stjórnvalda í takt við nýjustu þekkingu sem og stöðu þjóða í því markmiði að ná að halda hlýnun jarðar innan við 1.5 gráðu frá iðnbyltingu. Því teljum við það jákvætt skref að skylda stjórnvöld til reglulegs endurmats með lögum. Af sömu ástæðu erum við sammála þeirri breytingu að skylda Alþingi til að halda sérstaka umræðu um stöðu loftslagsmála eigi sjaldnar en árlega. Við vonumst að sjálfsögðu til þess að sjá enn þéttara endurmat ríkisstjórnarinnar á aðgerðaráætlun og umræður á Alþingi oftari en lagt er til með frumvarpinu.

## Skipun verkefnastjórnar aðgerðaráætlunar

Ungir umhverfissinnar telja mikilvægt að fulltrúar verkefnastjórnar séu skipaðir ekki einungis af ráðherrum heldur einnig af náttúruverndarsamtökum og Umhverfisstofnun, og tókum þar með undir tillögu Landverndar um breytingar á skipun verkefnastjórnar aðgerðaráætlunar eins og hún kemur fram í umsögn þeirra um breytingar á lögum um loftslagsmál frá 30.10.2020.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna:



Tinna Hallgrímsdóttir  
Varaformaður Ungra umhverfissinna  
s. 868 9634



Nefndasvið Alþingis

151. löggjafarþing  
Þingskj 32 – 32.mál

01.11.2020

### Umsögn Valorku ehf um frumvarp til breytinga á lögum um loftslagsmál

Þær tillögur sem hér eru lagðar til virðast allajafna vera til bóta; og sumar þeirra verulega. Vík ég lítilliga að þeim hér á eftir, en fyrst að því sem hér vantar.

Helsti galli þessa frumvarps er sá að ekki eru lagðar fram tillögur um stærsta ágalla laga nr 70/2012 um loftslagsmál. Hann er sá að hvergi í lögnum er lýst skyldu stjórnvalda til að styðja og miðla íslenskri tækni sem stuðlar að alþjóðlegum markmiðum í loftslagsmálum; óháð því hvort tæknin nýtist fyrir innanlandsmarkmið landsins að öðru leyti. **Þannig endurspeglar lög nr 70/2012 ekki ákvæði í 10.gr Parísarsáttmálans.** Ákvæði í lögnum sem varðar loftslagssjóð er annars eðlis; þau eru einungis heimildarákvæði um stuðning en ekki sú skylda sem 10.grein Parísarsáttmálans leggur aðildarríkjum á herðar.

Meðan þennan þátt vantar eru íslensk stjórnvöld í raun að bregðast skuldbindingum sínum í loftslagsmálum. Lög um loftslagsmál virðast miða við það að Ísland eigi sinn eigin lofthjúp, en beri ekki ábyrgð á verndun sameigilegs lofthjúps jarðar. Ekkert í íslenskum lögum skuldbindur eða hvetur stjórnvöld til að styðja þróun og miðlun tækni sem gagnast til orkuskipta í formi minni notkunar jarðefnaeldsneytis. Afleiðingin er sú að íslensk tækni í þeim efnum fær ekki nauðsynlegan stuðning samkeppnissjóða til að þroskast svo að hún verði boðleg á markað eða í samstarf erlendis.

Þessi alvarlegi ágalli íslensks lagaumhverfis hefur komið harkalega niður á því verkefni sem Valorka hefur unnið að í rúman áratug, sem er þróun nýrrar tækni til nýtingar sjávarfallaorku. Tækni sem nýtast mun í orkuskiptum heimsríkja en er ekki bráðnauðsynleg innanlands vegna sérstöðu í orkuframleiðslu Íslands. Verkefninu hefur verið haldið niðri af samkeppnissjóðum; t.d. verið án alls stuðning í 2 síðustu ár, þrátt fyrir að hafa staðið undir öllum væntingum í faglegum efnum. Skortur á stuðningi er eingöngu vegna þess að markmiðs- og lagasetningu skortir af hendi íslenskra stjórnvalda. Stjórnvöld hafa einbeitt sér að samdrætti í losun innanlands, m.a. með áður nefndum lögum, en algerlega vanrækt þennan þátt. **Það eru því vonbrigði ef ekki verður tekið á því í þessu frumverpi til breytinga.**

Þær breytingar sem hér eru lagðar til virðast annars yfirleitt vera til bóta. Nánar um það:

1.gr. Í góðu lagi að taka út staflið um aðlögun sem markmið í loftslagsmálum. Í raun á aðlögun ekki heima í þessum lögum fremur en öðrum; þar þarf að beita fjölþættum úrræðum sem gætu snert mörg önnur lög.

2.gr. Mjög nauðsynlegt er að forsendur séu tilgreindar í aðgerðaáætlun (a). Tek undir að æskilegt sé að skýrari reglur séu um mótun og framlagningu aðgerðaráætlunar (b); sömuleiðis að tryggja umfjöllun Alþingis um málaflokkinn (c).

3.gr og 4.gr. Skýrari reglur um loftslagsráð eru til bóta.



5.gr. Hugmyndin um loftslagsvettvang er mjög góð og sömuleiðis tilgangur þess. Hinsvegar sýnist mér að þarna sé ekki nægilega tryggt það víðtæka samráð sem þarf að vera til að vettvangurinn starfi sem skyldi. Þarna er lagður til samráðsvettvangur ríkis, sveitarfélaga, akademíu, og svonefndra umhverfissamtaka, „auk annarra fulltrúa sem nauðsynlegt er talið að eigi sæti á hverjum tíma“. Þetta er óviðunandi orðalag. Hver ákveður hverjir eru „nauðsynlegir“ og hverjir eru „óæskilegir“ í loftslagsmálum? Er það hinn pólitíska ráðherra sem þannig útdeilir sþoslum og áhrifum? Eða eru það hinir akademísku fulltrúar sem þannig geta betur komið sínum sjónarmiðum á framfæri? Eðlilegast væri að auglýst væri eftir þeim sem áhuga hafa á setu í þessum hópi. Hér væri um ólaunað nefndarstarf að ræða; að frátöldum e.t.v. formanni og starfsmönnum. Þannig gæti vettvangurinn orðið all fjölmennur, en um leið er hann betur tengdur út í samfélagið og betra úrræði fyrir stjórnvöld. Loftslagsmál eru ekki þess eðlis að þau verði falin embættismönnum eða menntafólki án góðrar tengingar við almenning; hér gæti verið ágæt leið til þess.

Mikilvægast er þó að þær breytingar verði gerðar sem ég nefndi í upphafi.

Virðingarfyllst

---

Valdimar Össurason  
Valorka ehf



Reykjavík 4. nóvember 2020

**Nefndasvið Alþingis við Austurvöll  
Umhverfis- og samgöngunefnd**

**Umsögn um: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (bindandi markmið).**

**Á 151. Löggjafarþingi 2020-2021.**

**Þingskjal 32 – 32. mál.**

**Sendandi:** Votlendissjóður, Árleyni 22, 112 Reykjavík. [votlendi@votlendi.is](mailto:votlendi@votlendi.is)

### Umsögn

Stjórn Votlendissjóðs telur ofangreint frumvarp jákvætt, einkum þau markmið sem þar eru sett fram um aukinn metnað í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það fer vel á því að Ísland verði í farabroddi meðal ríkja í aðgerðum í loftslagsmálum. Stjórn Votlendissjóðs vill benda á að hagkvæmasta og fljótvirkasta leiðin til að minnka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er að endurheimta framræst votlendi.

Á vegum Votlendissjóðs í rúmlega tveggja ára starfi sjóðsins hefur verið endurheimt um 181 ha af votlendi. En með því hefur Votlendissjóður tryggt heildar minnkun á losun 28.960 tonna af koldíoxíði fyrir umbjóðendur sína. Þá liggur fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda einkum koldíoxíðs frá framræstu votlendi er af svipaðri stærðargráðu og öll önnur losun gróðurhúsalofttegunda í landinu. Þar sem töluvert af framræstu votlendi er í dag ekki nýtt til landbúnaðar blasir við að miklir möguleikar eiga að vera til árangurs að því markmiði sem þetta frumvarp miðar að á næsta áratug. Til að ná skjóttum árangri er hins vegar nauðsynlegt að auka fjármagn til aðgerða í þessum málaflokki. Hingað til hefur öll fjármögnun framkvæmda hjá Votlendissjóði komið frá fyrirtækjum og einstaklingum og vonandi tekst Votlendissjóði áfram að fjármagna sín verkefni með þeim hætti. Ríkissjóður Íslands hefur á hinn bóginn eignarhald á fjölmörgum jörðum þar sem endurheimt votlendis ætti að vera möguleg. Það væri við hæfi að fjármagn til þeirra framkvæmda kæmi úr ríkissjóði og stuðlaði þannig að betri árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Stjórn Votlendissjóðs vill enn fremur vekja athygli því að einþá er verið að ræsa fram votlendi meira og minna stjórnlaust víða um land sem veldur aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að hafa betri stjórn á þessum aðgerðum og krefja framkvæmdaraðila um að endurheimta votlendi í stað þess sem framræst er.

Virðingarfyllst fh. Votlendissjóðs

Einar Bárðarson, frkst. Votlendissjóðs